

Framangreind breyting á samþykktum Sjúkrasamlags Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 119.

31. maí 1965.

## **REGLUGERÐ**

### **um launaskatt.**

#### **I. KAFLI**

##### **Almenn ákvæði.**

##### **1. gr.**

Greiða skal almennan launaskatt, eins og nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari. Skatturinn nemur 1% — einum af hundraði — af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

##### **2. gr.**

Launaskattur greiðist með þrennu móti:

- a. Ársfjórðungslega samkvæmt ákvæðum 1. málsg. 12. greinar
- b. Hálfárslega samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 12. greinar.
- c. Einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 17. greinar.

#### **II. KAFLI**

##### **Um skattskyldu.**

##### **3. gr.**

Skattskyldir samkvæmt reglugerð þessari eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknunir fyrir starf, nema undanþegnir séu skv. 5. gr. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

##### **4. gr.**

Hver sá, sem tekur að sér framkvæmd verks á eigin ábyrgð, svo sem skipasmíðar, húsbýggingar og aðrar mannvirkjagerðir, skal standa skil á launaskatti, bæði vegna launa hans sjálfs, ef um persónulegan aðila er að ræða, og þeirra manna, er hann greiðir kaup.

Í þeim tilfellum, þar sem vafi kann að leika á, hvort um var að ræða verksamning eða vinnusamning, skal sá aðilinn, sem á að greiða tryggingaiðgjöld vegna launþega skv. 28. gr. og 40. gr. laga nr. 40/1963, standa skil á launaskatti af launum þeirra manna, sem hann greiðir tryggingaiðgjöld fyrir. Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðastjóra lagður á þá, sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

Nú stundar sjálfseignarvörubifreiðastjóri einnig flutningastarfsemi með aðkeypri vinnu, og skal hann þá greiða launaskatt af launum, sem hann greiðir öðrum en sjálfum sér.

Sá, sem lætur vinna eftir ákvæðisvinnutaxta eða greiðir með aflahlut, skal standa skil á launaskatti af þeim launum, sem þannig eru ákveðin.

## 5. gr.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir launaskatti:

1. Forseti Íslands.
2. Erlendir þjóðhöfðingjar.
3. Sendiráð og sendiherrar erlendra ríkja, sendiráðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð.

Þeir, sem taldir eru í 2. og 3. tölulið þessarar greinar, eru þó ekki undanþegnir skattskyldu af launum, sem þeir kunna að greiða vegna atvika, sem mundu skapa þeim skattskyldu hér á landi til tekju- og eignarskatts.

## III. KAFLI

## Um skattstofninn.

## 6. gr.

Skattstofnar eru allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist með þeim undantekningum, sem um ræðir í 10. gr., hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum, skal meta þau til peninga. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs, eftir því sem ætla má, að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annars aðila. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hver er rekstrarafkoma gjaldandans af hlutaðeigandi starfsemi.

## 7. gr.

Til skattskyldra launa og þóknana skv. 6. gr. teljast meðal annars.

1. Laun fyrir fast starf og lausavinnu, hvort sem launin eru tiltekin sem tíma-vinnukaup, dagvinnukaup, vikukaup, mánaðarkaup eða árskaup.
2. Yfirvinnukaup og þóknanir fyrir aukavinnu, launauppbætur, aflaverðlaun og hlutaruppbót, staðaruppbætur, orlofsfé eða greiðslur fyrir ónotað sumarleyfi.
3. Laun fyrir tiltekið starf, svo sem ákvæðisvinnu, nefndarstarf, stjórnarlaun, eftirlit o. þ. h.
4. Hlutdeild í framleiðslumagni og aflamagni.
5. Sölulaun og umboðslaun, sbr. þó 11. gr.
6. Gjafir, sem teljast kaupuppbót, og eftirgjöf lána, sem telja má, að komi í launa stað.
7. Bifreiðastyrkir, dagpeningar og risnufé, að því leyti sem telja má, að laun séu þar innifalin.
8. Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenzkum aðilum til manna, sem eru heimilisfastir hér á landi (sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 245/1963).
9. Laun, sem greidd eru vegna starfa á íslenzku skipi eða loftfari.

## 8. gr.

Til skattskyldra hlunninda skv. 6. gr. telst meðal annars fæði, húsnæði, ljós og hiti og fatnaður, þar með talin einkennisföt. Hlunnindi þessi skal reikna til launa á sama verði og þau eru metin sem tekjur til tekjuskatts. Enn fremur teljast hér til bifreiðaafnot, greiðslur í vörum úr verzlunum eða afurðum úr framleiðslufyrirtæki, og greiðslur í sérhverjum öðrum verðmætum. Þessi og önnur slík hlunnindi skulu metin til peninga eftir gangverði á hverjum stað og tíma.

## 9. gr.

Skattskyld er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 6. gr.

Ríkisskattstjóri setur skattstjórum árlega meðaltals viðmiðunarreglur til mats á slíkum skattstofnum í hinum ýmsu atvinnugreinum, sem þessi grein tekur til. Skal þar miðað við, hvað ætla má, að heilsárslaun í viðkomandi atvinnugrein hefði numið, ef starfið hefði verið innt af hendi í þágu annars aðila. Má þar m. a. hafa til hliðsjónar hæstu kauptaxta skv. samningum stéttarfélaganna við atvinnurekendur í þeim starfsgreinum, þar sem slíkir samningsbundnir kauptaxtar eru til, með breytingum vegna kaupgjaldsvisítölu, og að viðbættu hæfilegu álagi vegna framkvæmdastjórnar atvinnurekandans.

Nú gilda engir kauptaxtar skv. framansögðu í einhverri atvinnugrein, og má þá hafa hliðsjón af kauptaxta þeirrar atvinnugreinar, sem telja má, að henni sé líkust.

Skattstjóri metur síðan skattstofna með hliðsjón af viðmiðunarreglunum til hækkunar eða lækkunar eftir aðstöðu gjaldandans á hverjum stað og tíma, hversu starfið er umfangsmikið, tekjum hans af atvinnurekstrinum eða starfseminni, og öðrum atriðum, sem máli skipta, svo sem elli, örorku eða sjúkleika gjaldandans.

Nú vinnur maður við atvinnurekstur sjálfs sín eða meðeigenda ellegar annarra, svo sem þegar gift kona eða kvæntur maður gengur til verka við atvinnurekstur maka síns, en full laun hafa ekki verið greidd eða reiknuð fyrir það starf, og skal þá meta, hvað á vantar, og bæta því við skattstofn fyrirtækisins.

Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hluta af skattárinu, skal skattstofninn ákveðinn í hlutfalli við þann tíma.

Nú nýtur maður fastra launa frá öðrum og launaskattur hefur verið greiddur af þeim, en stundar jafnframt sjálfstæða starfsemi, svo sem lækningar, lögfræðistörf, endurskoðun, verkfræðipjónusta, arkitektastörf eða prestsstörf, og skal þá lækka heilsárs skattstofn hans vegna vinnu í eigin þágu, að því leyti, sem telja má, að hið launaða starf hafi verulega skert arð af sjálfstæðri starfsemi hans, enda séu föstu launatekjur a. m. k.  $\frac{1}{4}$  af samanlögðum launatekjum og nettótekjum af atvinnustarfseminni.

Sá, sem greiðir þóknun fyrir vinnu eða þjónustu, sem veitt er af aðila, er stundar sjálfstæða starfsemi (þar með taldir einyrkjar), á ekki að greiða launaskatt af þeirri þóknun, ef vinnan eða þjónustan er eðlisþáttur í hinni sjálfstæðu starfsemi. Þannig á t. d. ekki að greiða launaskatt af þóknun fyrir læknaþjónustu, lögfræðistörf, endurskoðun, verkfræði- og arkitektastörf eða þjónustu svipaðs eðlis, ef þessi þjónusta er stunduð sem sjálfstæð starfsemi.

Ef vinnan er verulega annars eðlis en hin sjálfstæða starfsemi, þá á greiðandi launanna hins vegar að borga launaskatt af vinnulaununum. Ef t. d. sjálfstæður endurskoðandi eða lögfræðingur vinnur einnig nefndarstörf, situr í stjórn fyrirtækis o. s. frv., þá greiðist launaskattur af nefndarþóknuninni, stjórnarlaunum o. s. frv.

## 10. gr.

Laun eða þóknunir við neðangreind störf eru undanþegin launaskatti:

1. Laun eða þóknunir fyrir störf við landbúnað, þar með talin vinna bóndans sjálfs, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt.

Störf við landbúnað tekur hér til venjulegra sveitastarfa, svo sem heyyvinnu, skepnuhirðingar, garðræktar, vinnu í gróðurhúsum, vinnu við að nylta hlunnindi jarðarinnar, fjallskil, fjárréttir og grenjavinnslu. Einnig venjuleg heimilisstörf á sveitabæ. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingaframkvæmda á bújörðum. Hér með teljast girðingar um tún og haga jarðarinnar og afréttargirðingar. Viðhald bygginganna og girðinganna fellur einnig hér undir.

Ofangreindar jarðræktar- og byggingaframkvæmdir verða að vera vegna búrekstursins sjálfs eða í nánum tengslum við hann til þess að falla undir undanþágu þessarar greinar. Aðrar framkvæmdir í sveitum eru ekki undanþegnar, svo sem byggingar eða viðhald skóla, félagsheimila, kirkna, sumarbústaða, verzlunar- og sláturhúsa, vegalagningar o. s. frv.

2. Laun eða þóknanir fyrir störf, unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi.
3. Laun, er varnarliðið greiðir til manna hér á landi, sem ekki eru skattskyld hér, sbr. lög nr. 110/1951.
4. Björgunarlaun skv. tíunda kapitula siglingalaganna nr. 56/1914.

#### 11. gr.

Til launa skv. 6. gr., sbr. 7. gr. og 9. gr., telst ekki:

1. Eftirlaun og heiðurslaun til manna, sem hafa látið af starfi, hvort sem greitt er beint frá atvinnufyrirtæki eða úr lífeyrissjóðum, ríkissjóði, eða sveitar-sjóðum.
2. Ellilaun og aðrar bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasam-lögum, einnig slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
3. Lífeyris- og lífsábyrgðargreiðslur tryggingafélaga, svo og bætur greiddar af þeim vegna atvinnutjóns af völdum slysa.
4. Iðgjaldsgreiðslur atvinnuveitenda í lífeyrissjóði vegna starfsmanna, svo og í styrktar- og sjúkrasjóði stéttarfélaga. Sá hluti af heildariðgjaldinu, sem laun-þegi greiðir (eða haldið er eftir af kaupri hans), telst hins vegar með launum.
5. Laun (eignaauki), sem stafa af eigin vinnu einstaklinga við byggingu íbúða til afnota fyrir þá sjálfa.
6. Sölulaun og umboðslaun fyrir sölu á vörum eða öðrum verðmætum, þegar salan fer fram á fastri starfsstöð umboðssalans, enda telst hann þá stunda sjálfstæða starfsemi.

### IV. KAFLI

Um ársfjórðungslegar greiðslur launaskatts og greinargerðir, viðurlög o. fl.

#### 12. gr.

Þeir gjaldendur launaskatts, sem greiða yfir kr. 500 000.00 samtals í peningum í laun á ári til annarra en sjálfs sín, skulu ótilkvaddir greiða launaskattinn ársfjórðungslega innan 15 daga eftir loks hvers ársfjórðungs, af þeim launum, sem greidd hafa verið á ársfjórðungnum.

Þeir gjaldendur, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, mega þó greiða launaskatt af aflahlut, greiddum í peningum, hálfárslega innan 15 daga eftir 30. júní og 31. desember ár hvert.

#### 13. gr.

Skatt skv. 12. gr. ber launagreiðanda að greiða til viðkomandi sýslumanns, bæjarfógeta eða lögreglustjóra, í Reykjavík til tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattgreiðandans um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili á þar til gerðu eyðublaði. Félagsmálaráðuneytið ákveður um form og texta eyðublaða þessara og lætur prenta þau og senda til skattstjórans og innheimtumanna ríkissjóðs.

Skattstjórar skulu útbýta eyðublöðum þessum til þeirra, sem greiða eiga launa-skatt skv. ákvæðum 12. greinar, svo tímanlega, að eyðublöðin geti verið komin í hendur gjaldenda mánuði fyrir gjalddaga. Einnig skulu nægar birgðir eyðu-

bláða jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Skattstjórar senda eyðublöðin til þeirra gjaldenda, sem greiðsluskyldir voru á næstliðnu ári ellegar næstliðnum ársfjórðungi skv. greinargerðum þeirra til innheimtumanna ríkissjóðs. Þeir, sem greiðsluskyldir verða í fyrsta sinn á næsta ársfjórðungi, svo og þeir, sem áður kunna að hafa vanrækt greiðsluskyldu, verða sjálfir að afla sér eyðublaðanna.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti, þó að honum hafi eigi horízt eyðublað frá skattstjóra.

Gjaldandi útfyllir eyðublaðið eins og form þess segir til, og skilar greinargerðinni til innheimtumanns a. m. k. í þríriti. Innheimtumaður færir í sérstakan reit á greinargerðarblaðinu kvittun fyrir móttöku skattsins og 25% álags, sbr. 14. gr., ef um það er að ræða, svo og greiðsludag, og afhendir gjaldanda eitt eintakið.

#### 14. gr.

Nú vanrækir launagreiðandi lengur en einn mánuð skil á launaskatti skv. 12. gr., sbr. 13. gr., og skal hann þá sæta viðurlögum og greiða til viðbótar skattinum álag, er nemi 25% af því, sem greiða bar.

Nú leikur vafi á því, hvort launagreiðslur muni fara yfir kr. 500 000.00 á árinu, vegna þess að fyrirfram er ekki vitað, hvort þær ná því marki, en síðar kemur í ljós, að svo muni verða, og getur gjaldandi þá komið hjá viðurlögum, vegna ógreidds skatts fyrir liðinn tíma, ef hann greiðir við ársfjórðungsskipti launaskatt þess ársfjórðungs og þeirra, sem liðnir eru, þegar ljóst varð, að launagreiðslur hafa farið fram úr kr. 125 000.00 á ársfjórðungi að meðaltali. Gjaldandinn skal sundurliða launagreiðslur fyrir hvern liðinn ársfjórðung, bæði í greinargerð og launaskattsframtali.

Um rannsóknir skattstjóra á skilum launaskatts þeirra aðila, sem um ræðir í þessum kafla, svo og ákvörðun launaskatts þeirra af eigin atvinnurekstri og launum, sem ekki eru greidd í peningum, fer eftir ákvæðum í V. kafla reglugerðar þessarar.

#### 15. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs (í Reykjavík tollstjóri) skulu senda hlutaðeigandi skattstjórum greinargerðir um greiðslur launa og launaskatts, sem þeim hafa horízt innan tveggja mánaða eftir lok hvers ársfjórðungs. Greinargerðir vegna liðins tíma, er síðar kunna að berast, senda þeir jafnóðum til skattstjóra.

Eftir 30. apríl ár hvert hætta innheimtumenn að veita viðtöku greinargerðum vegna næst liðins árs og skattgreiðslum samkvæmt þeim. Í þess stað verður ógoldinn skattur og viðurlög innheimt skv. launaskattskrá, sbr. 19. og 21. gr.

### V. KAFLI

#### Um árleg launaskattsframtöl, álagningu, endurskoðun ársfjórðungslegra skattgreiðslna, skattskrár, kærur, innheimtu o. fl.

#### 16. gr.

Allir, sem skattskyldir eru til launaskatts, skulu senda skattstjóra sérstakt launaskattsframtal fyrir 20. janúar ár hvert. Þar með taldir þeir, er senda eiga ársfjórðungslegar (eða hálfárslegar) greinargerðir.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir launaskattsframtöl. Hann ákveður form þeirra og texta og sendir þau til skattstjórána, en þeir útbýta þeim til launagreiðenda.

Á framtalið skal launagreiðandi færa launagreiðslur næst liðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir, sem hægt er að gefa og skattyfirvaldi þykir við þurfa til ákvörðunar launaskatts og frádráttarréttar skv. 23. gr., allt samkvæmt því, er form eyðublaðsins segir til um.

## 17. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt af launum fyrir liðið ár sem hér segir:

- a. Launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
- b. Launaskatt af launum, sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í aflahlut, friu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.
- c. Launaskatt þeirra gjaldenda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annars en sjálfs sín en kr. 500 000.00 á ári. Heimilt er þó slíkum gjaldendum að greiða launaskatt samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. Þeir gjaldendur, sem ekki eru skyldir að greiða launaskatt ársfjórðungslega, en hafa þó greitt á þann hátt, sæta ekki viðurlögum skv. 14. gr., þótt greiðslan hafi dregizt fram yfir gjalddaga ársfjórðungs eða hluti skattsins sé þá ógreiddur.

Launaskattur, sem lægri er í heild en 300 krónur á ári, fellur niður.

## 18. gr.

Skattstjórar rannsaka árlega skattskil þeirra, sem greiða áttu launaskatt samkvæmt 12. gr., sbr. 13. gr., fyrir næstliðið ár, m. a. með samanburði greinargerða þeirra, sem þeim hafa borizt frá innheimtumönnum, við launaskattsframtöl, tekjuskattsframtöl og önnur gögn, sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það, sem áfátt kann að reynast, og ákveða vangreiddan skatt og vangreidd viðurlög.

## 19. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts samkvæmt 17. og 18. gr., skulu skattstjórar semja skrá um alla þá, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 17. gr., og alla þá, sem vangreitt eiga launaskatt og viðurlög samkvæmt 18. gr. Sérstök skrá skal gerð um launaskattsgreiðendur í hverju lögsagnarumdæmi. Á skrána skal færa nöfn gjaldenda, heimilisfang þeirra og fjárhæð þá, sem hverjum gjaldanda ber að greiða. Skattupphæð og viðurlög má tilgreina í einu lagi.

## 20. gr.

Séu skýrslur gjaldenda ófullnægjandi í heild eða einstökum atriðum, tortryggilegar eða sýnilega gerðar til málamynda ellegar ekki er talið fram, skal beita ákvæðum þeim, sem gilda í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á um slík tilvik. Ákvæði þeirra laga skulu og gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsóknir, framlagningu skráa, kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu og gilda, eftir því sem við á um það, ef gjaldanda, sem lagt skyldi á, hefur verið sleppt af skrá eða honum ekki gert að greiða launaskatt af öllum gjaldstofninum.

## 21. gr.

Innheimtu launaskatts samkvæmt launaskattskrá, annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, og gilda sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, þar á meðal ákvæðin um gjalddaga, lögtaksrétt og dráttarvexti.

Sama gildir um skil innheimtuaðila á launaskatti til ríkisfóhriðis.

Ríkisfóhriðir skal gera mánaðarlega skil til Byggingarsjóðs ríkisins á þeim launaskatti, sem hann hefur móttikið frá innheimtumönnum ríkisins.

**22. gr.**

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti samkvæmt reglugerð þessari til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd hennar.

**23. gr.**

Launaskattur er frádráttarbær sem rekstarútgjöld, að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1965 setja skattstjórar sér viðmiðunarreglur þær, er um ræðir í 9. gr., en ríkisskattstjóri setur þær í fyrsta skipti árið 1966.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 15. marz 1965, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi numdar bráðabirgðareglur nr. 187 20. ágúst 1964 og reglugerð nr. 27 15. febrúar 1965, um breyting á þeim reglum.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1965.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælisgjafasjóð Hafnfirðinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Afmælisgjafasjóð Hafnfirðinga.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Afmælisgjafasjóður Hafnfirðinga.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 75 ára afmæli Bjarna læknis Snæbjörnssonar með stofnframlagi Raftækjaverksmiðju Hafnarfjarðar hf.

**2. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í Sparisjóði Hafnarfjarðar með kaupum á ríkis tryggðum verðbréfum eða öðrum vel tryggðum og auðseljanlegum skuldabréfum eða á annan öruggan og ekki óarðbærari hátt að mati sjóðsstjórnar.

**3. gr.**

Sjóðurinn skal afla sér tekna með sölu heillaóskaskeyta (korta) á afmælisdögum einstaklinga, hjóna eða fyrirtækja. Lægsta gjald fyrir skeytið skal vera kr. 100.00. Nafn viðtakanda, sendanda og fjárhæð skal færast í sérstaka bók.

Enn fremur veitir sjóðurinn móttöku framlögum einstaklinga og fyrirtækja á merkisdögum í ævi þeirra og starfi.